

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur
fatlaðra nr. 605/1989.

1. gr.

Í stað orðanna „30. júní 1990“ í ákvæði til bráðabirgða II., komi „31. desember 1990.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Porgerður Benediktsdóttir.

14. júní 1990

Nr. 269

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Djúpavogs 1989-2009.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. júní 1990, staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Djúpavogs 1989-2009.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Búlandshrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

25. júní 1990

Nr. 270

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í júlímánuði 1990.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990 hefur útgreiðsla úr rækjudeild Verðjöfnunar-sjóðs sjávarútvegsins vegna útflutnings í júlímánuði 1990 verið ákveðin 5%. Útgreiðslan er bundin við skelfletta rækju úr innlendu hráefni sbr. ákvæði til brb. í l. nr. 39, 15. maí 1990 og 16. gr. rg. nr. 254, 19. júní 1990.

Jafnframt hefur verið ákveðið að greiðsla skv. 1. mgr. taki einnig til útflutnings skelflettrar rækju úr innlendu hráefni í júnímánuði.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. júní 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Gylfi Gautur Pétursson.